

# Stefna Akraneskaupstaðar um Græna iðngarða

mars 2023





Útgáfa	Breytingar	Staðfest af	Dags.
1.0	Ný stefna	Bæjarstjórn	11.01.2022
2.0	Endurskoðun. Uppfærð stefna.	Bæjarstjórn	xx.03.2023

# 1 Inngangur

Grænn iðngarður er samfélag sjálfstæðra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja sem staðsett eru á samfelldu skipulögðu svæði. Í sameiningu leitast fyrirtækin við að bæta umhverfis-, efnahags- og félagslegan árangur sinn með styrkri stjórn auðlinda- og umhverfismála. Nýting auðlinda er háværkuð og sóun þeirra takmörkuð með samnýtingu og endurnýtingu í svonefndu *hringrásarhagkerfi*<sup>1</sup>.

Hugmyndin er að gengið sé lengra í græna átt en lög og reglur kveða á um, þar sem mögulegt er.

Við stofnun og rekstur grænna iðngarða eru fjórir meginstólpar hafðir að leiðarljósi. Þeim er lýst í töflu KPMG hér fyrir neðan sem sýnir einnig helstu viðfangsefni og mælikvarða og tengsl þeirra við *heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna*<sup>2</sup>.

Stólpar	People / Social Félagslegir þættir	Planet / Environmental Umhverfis- og loftslagsmál	Prosperity Hagsæld	Principles of Governance Stjórnarhættir
Um stólpa	Yfirmarkmið um félagslega frammistöðu fyrir grænan iðngarð er að tileinka sér góða alþjóðlega starfshætti innan garðsins og hjá fyrirtækjunum sem eru þar undir. Félagsleg frammistaða fyrirtæki er merki um samstöðu, sterkt samfélag og jöfn tækifæri.	Fyrirtæki reiða sig á og hafa áhrif á jörðina með ýmsum hætti, beinum og óbeinum. Mikilvægt er að huga á slíkum áhrifum í allri virðiskeðju fyrirtækja eða yfir lífsferil vöru og þjónustu.	Til þess að vera sannarlega sjálfbær þurfa fyrirtækin að stuðla að hagsæld fyrir sig sjálf og samfélagið sem það starfar í.	Meiri áhersla á langtíma virðisbætur fyrirtækja er til staðar í samfélaginu. Mikilvægt er í því samhengi að tengja sjálfbærann og fjárhagslegan ávinning. Ábyrgð stjórnendur er því mikil ásamt samskiptum við hagaðila fyrirtækjanna.
Helstu viðfangsefni og mælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Launamunur kynja</li> <li>— Mismunum og harassment</li> <li>— Frelsi til þátttöku í stéttarfélagum</li> <li>— Mannréttindi</li> <li>— Launabrep</li> <li>— Vinnuslys</li> <li>— Velliðan starfsfólks</li> <li>— Fjöldi sérhæfðra starfa sem ekki næst að ráða í</li> <li>— Heildarkostnaður menntunar og þjálfunar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Losun gróðushúsalofttegunda (GHG)</li> <li>— Markmið um minnkun GHG</li> <li>— Áhættustýring</li> <li>— Landnotkun</li> <li>— Áhrif á lífríkið</li> <li>— Mengun</li> <li>— Úrgangur</li> <li>— Aðlögun að hringrásarhagkerfinu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Fjöldi starfa</li> <li>— Fjárhagslegt framlag til samfélagsins</li> <li>— Fjárfestingar</li> <li>— Kostnaður við rannsóknir og þróun</li> <li>— Greiddir skattar</li> <li>— Fjárfestingar í innviðum</li> <li>— Tekjur af vörum og þjónustu sem ætlað er að hafa félagsleg áhrif</li> <li>— Hlutfall sölu nýrra vara og þjónustu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Skilgreina tilgang</li> <li>— Samsetning stjórnenda</li> <li>— Samskipti við hagaðila</li> <li>— Mútur og spilling</li> <li>— Áhættustýring</li> <li>— Yfirlit yfir tækifæri</li> <li>— Upplýsingagjöf</li> <li>— Fjárhagslegir hvatar</li> <li>— Þrýsta á umbætur á regluverki</li> <li>— Fjárhagslegt tap vegna sekta</li> </ul>
Heimsmarkmið Sp				

# 2 Markmið og gildissvið

Markmið Akraneskaupstaðar með stofnun Grænna iðngarða í Flóahverfi á Akranesi (hér eftir Grænir iðngarðar) eru margvísleg. Höfuðatriðið er að vera framúrskarandi fyrirmynd í loftslagsmálum. Samhliða því er mikilvægt að geta boðið starfandi fyrirtækjum í heimabyggð, sem og fyrirtækjum annars staðar af landinu eða jafnvel erlendis frá, upp á aðlaðandi umhverfi og aðstoða þau við umbætur í umhverfismálum sem bæta samkeppnishæfni þeirra. Auk þess er markmið að auka hlut atvinnulífs á Akranesi í sjálfbærri starfsemi með því að skapa vettvang fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi í heimabyggð. Mikilvægt er í því efni að hafa heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna að leiðarljósi.

Leiðir fyrirtækja til að minnka kolefnisspor í Grænum iðngörðum:

- Að draga úr notkun vatns, orku og annarra hráefna.
- Að lágmarka losun frá samgöngum, t.d. með því að samnýta og skipuleggja flutninga til og frá svæðinu, og nota aðra orkugjafa en jarðeldsneyti. Við hvetjum starfsfólk til að nýta umhverfisvæna samgöngumáta.

<sup>1</sup> <https://www.umhverfisstofnun.is/graent-samfelag/graenn-lifstill/hringrasarhagkerfid/>

<sup>2</sup> <https://www.heimsmarkmidin.is/>

- Að stunda sjálfbæran efnisbúskap með því að nota jarðvegsefni sem verða til við gatnagerð í manir og umhverfismótun, sem verndar svæðið fyrir vindi og dregur úr sandfoki.
- Að augin hringrás minnkar allan úrgang.
- Að urða sem minnst af lífrænum úrgangi, stefna frekar á nýtingu.
- Að velja blágrænar ofanvatnslausnir. Hreinsun ofanvatns hægir t.d. á rennsli, minnkar álag á fráveitukerfi, styður við líffræðilegan fjölbreytileika og raskar ekki eins náttúrlegum ferlum.
- Að skipuleggja gróðurbelti og hljóðmön viðsvegar um hverfið mynda fallega ásýnd frá þjóðvegi og stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi.

Stefna um Græna iðngarða gildir fyrir fyrirtæki með aðstöðu á Grænum iðngörðum í Flóahverfi, Akranesi, sem hafa undirritað sérstaka viljayfirlýsingu Grænna iðngarða frá Akraneskaupstað eða eru með starfsemi á lóð þar sem kvaðir eru í lóðaleigusamningi um að lóðarhafi og starfsemi á lóð falli undir stefnu Akraneskaupstaðar um Græna iðngarða.

### 3 Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu

Stefna þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar ogannast bæjarstjóri framkvæmd hennar. Stefnuna skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Allar breytingar á stefnunni skulu samþykktar af bæjarstjórn.

Stefnan skal birt á [www.akranes.is](http://www.akranes.is) og [www.300akranes.is](http://www.300akranes.is).

## 4 Hlutverk og ábyrgð

### 4.1 Bæjarstjóri

Bæjarstjóri annast framkvæmd stefnunnar og ber ábyrgð á að viðeigandi endurskoðun stefnunnar eigi sér stað.

### 4.2 Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs

Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að gæta að því að reglur og verklag sé í samræmi við stefnuna og að viðeigandi starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

### 4.3 Matsnefnd

Sérstök matsnefnd Grænna iðngarða er skipuð þremur starfsmönnum Akraneskaupstaðar, sem hafa nauðsynlega og viðeigandi þekkingu á málefnum og skipulagi Grænna iðngarða. Þeir bera ábyrgð á úrvinnslu umsókna um lóð á Grænum iðngörðum. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá umsækjendum, hvort fyrirtæki séu reiðubúin að vinna samkvæmt hugmyndafræði Grænna iðngarða samkvæmt stefnu þessari, og hvar á svæðinu væri hentugasta staðsetningin. Matsnefndin leggur að síðustu til tillögu um afgreiðslu á umsókn til bæjarráðs, sem tekur endanlega ákvörðun um úthutun lóðar. Upplýsingar um hvaða starfsmenn Akraneskaupstaðar eru í matsnefnd Grænna iðngarða má finna á vefsíðunni [www.300akranes.is](http://www.300akranes.is) undir Flóahverfi.

### 4.4 Miðlægt þjónustufyrirtæki eða klasafélag

Fyrirætlanir eru uppi um að miðlægt þjónustufyrirtæki eða klasafélag fari með stjórn á sameiginlegum rekstri iðngarðsins (e. Park Management). Unnin verður viðskiptaáætlun fyrir starfsemi fyrirtækisins/félagsins þar sem endanleg útfærsla á formi fyrirtækisins/félagsins, þjónustu þess og starfsemi verður ákveðin.

Markmið miðlægs fyrirtækis/félags er að stuðla að hagkvæmri nýtingu þjónustu í þágu allra fyrirtækja í iðngarðinum og samfélagsins alls. Stuðlað verður að því að fyrirtæki á svæðinu verði sjálfbær og geti nýtt hráefnisstrauma hvert frá öðru ef kostur er. Fyrsti hringrásarhráefnisstraumurinn verður í formi húshitunar á lokuðu kerfi, en svo mun fjölbreytni aukast eftir því hvaða fyrirtæki hefja starfsemi á svæðinu. Akraneskaupstaður fer með leyfisveitingar og deiliskipulagsvald á svæðinu.

Meðal þeirrar starfsemi sem gæti verið í höndum fyrirtækisins/félagsins er:

- Sameiginleg orku-, vatns- og fráveitukerfi
- Skipulag og umsjón með sorpmálum
- Fjármögnunarráðgjöf
- Markaðsmál
- Áhættustjórnun
- Rannsóknir
- Stuðningur við nýsköpun, sér í lagi við lausnir gagnvart áskorunum á sviði loftlagsbreytinga og sjálfbærni
- Upplýsingagjöf og samstarf við nærsamfélag
- Þrif, mótuneytismál, öryggiseftirlit, endurmenntun og fleiri þættir sem falla vel að sameiginlegum rekstri

Auk ofangreinds mun fyrirtækið/félagið sinna framkvæmd mælinga og vakta árangur iðngarðsins við að ná fram þeim umhverfislegu-, samfélagslegu og efnahagslegu markmiðum sem honum verða sett. Þá er fyrirtækinu/félaginu jafnframt ætlað að koma að greiningu og vali á nýjum fyrirtækjum inn í iðngarðinn þannig að nýting hráefnisstrauma fyrir svæðið í heild verði með sem bestum hætti.

Miðlæga þjónustufyrirtækið/félagið getur verið kaupandi rafmagns og verið endursöluaðili innan garðsins. Ef umfang sameiginlegra kaupa leyfir, munu fyrirtæki innan garðsins njóta magnafsláttu sem orkufyrirtækin veita til stórkaupenda. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið/félagið verði rekið með því að fyrirtæki innan iðngarðsins greiði aðkomugjöld eða þjónustugjöld til að standa undir þeim kostnaði sem fellur til við rekstur garðsins.

## 5 Grænir iðngarðar í Flóahverfi

Flóahverfi, svæðið sem Grænir iðngarðar eru staðsettir, er ræst land norðan við Akraneskaupstað, í Garðaflóa undir Akrafjalli, norðan og austan Þjóðvegur nr. 51, Akrafjallsvegur. Landið hefur um áratugaskeið verið skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Akraneskaupstaðar, en hingað til notað sem beitarland. Unnið hefur verið að deiliskipulagi svæðisins á undanförunum árum, en þegar sú hugmynd kom upp árið 2020 að starfrækja þar græna iðngarða breyttust áherslur verkefnisins til samræmis við það. Heildarflatarmál lóða á svæðinu er um það bil 150 hektarar. Til framtíðar eru stækkunarmöguleikar í austri.

Flóahverfi hefur ýmsa kosti út frá umhverfissjónarmiðum. Uppbygging þar veldur ekki röskun á ósnortinni náttúru eða viðkvæmu lífríki þar sem um ræst land er að ræða. Svæðið er skammt frá íbúabyggð og þess vegna stutt í vinnuafli og fjölbreytta þjónustu fyrir væntanlega starfsemi. Í deiliskipulagi er sérstaklega horft til samgöngur á göngu- og hjólastígum.

Flóahverfi er einungis 200 metra frá stofnbraut, í u.þ.b. 35 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og um 75 mínútna akstursfjarlægð frá alþjóðaflugvelli. Svæðið er vel staðsett með tilliti til aðgangs að hafnaraðstöðu, stutt er í hafnir bæði á Akranesi og við Grundartanga. Einnig má nefna að Flóahverfi er ekki á virku jarðskjálftasvæði. Þá er á svæðinu ekki talin stafa hætta af snjóflóðum,

aurflóðum eða annarri náttúruvá og hitastig er frekar stöðugt. Staðsetningin hefur þannig ýmsa kosti sem koma sér vel þegar unnið er að markmiðum um hringrásakerfi og minnkun kolefnisspors.

### 5.1 Deiliskipulag Grænna iðngarða

Megináhersla í skipulaginu er á góða heildarmynd iðnaðarsvæðisins, ásamt sveigjanleika til að koma til móts við sértækar þarfir sem gætu komið fram í tengslum við hringrásarhagkerfi og einstök fyrirtæki. Við gerð skipulagsins var lögð áhersla á heildstætt yfirbragð með tilliti til ásýndar nærliggjandi íbúðarbyggðar og náttúru, að skapa skilyrði fyrir fjölbætta aðstöðu á svæðinu, ásamt því að draga úr truflandi áhrifum, t.d. frá vindi og sandfoki. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að mæta þörfum íbúa varðandi samgöngur, bæði innan svæðis og aðkomu að svæðinu, fyrir akandi, hjólandi og gangandi.

Deiliskipulagið samanstendur af 56 lóðum sem skiptast í tvö svæði. Svæði A er lagað að fyrirtækjum sem starfa við matvælatengdan iðnað. Lóðarstærðir þar eru frá 1,1 ha - 2,3 ha. Svæði B er lagað að fyrirtækjum sem flokkast undir léttan iðnað. Þar eru lóðir í kringum 2.000 - 5.000 m<sup>2</sup> að stærð og henta fyrir starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Heimilt verður að sameina aðliggjandi lóðir ef þörf verður á og verða byggingarreitir þá sameinaðir til samræmis. Einnig verður heimilt að skipta lóðum upp og breytast byggingarreitir þá til samræmis með óbreyttum fjarlægðum frá lóðarmörkum. Skipulags og umhverfisráð Akraneskaupstaðar ákvarðar breytt nýtingarhlutfall skiptra lóða. Sameining og uppskipting lóða telst óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. og 3.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áhersla er lögð á gæði hönnunar, efnisval og frágang innan svæðisins. Ákvæði í skipulagi um frágang og útlit húsa ýta undir heilsteypt útlit svæðis. Mælst er til þess að byggingar séu hannaðar og byggðar með efnis- og orkusparnað í huga. Útlit húsa skal brjóta upp með mismunandi efnisvali þar sem húsagerð á svæði ýtir undir stóra og langa fleti. Frágangur á lóð skal vera sýndur á aðaluppdráttum. Þar skal gera grein fyrir því með hvaða hætti verður gengið frá lóð, sem uppfyllir skilmála skipulags. Gert verður ráð fyrir sameiginlegum upplýsingaskiltum við aðkomuleiðir að hverfinu. Auglýsingaskilti og merkingar innan lóða skulu vera sýnd á aðaluppdrætti og eru háð samþykki byggingarfulltrúa Akraneskaupstaðar. Sérstakt ákvæði verður í greinargerð varðandi samþykki hönnunar mannvirkja á svæðinu, sem skal bera undir skipulags- og byggingarfulltrúa til samþykkis.

Við skipulag Flóahverfis er leitast við að viðhafa blágrænar ofanvatnslausnir fyrir fráveitu úrkomuvatns. Með slíkum lausnum er úrkoma sem fellur á viðkomandi svæði (regn eða snjór) leidd annaðhvort á yfirborði, um gegndræpan jarðveg eða í lögnum að opnum vatnsrásum sem leiða hana til sjávar (viðtaka). Þessi leið var sérstaklega valin með umhverfissjónarmið í huga, en einnig er jarðvegur á svæðin tiltölulega þéttur og með uppbyggingu myndi núverandi vatnsskurðakerfi þurrkast út. Á skipulagssvæðinu eru nú framræsluskurðir sem renna á milli svæða A og B sem taka við yfirborðsvatni og regnvatni úr regnvatnslögnum og leiða til vesturs og norðurs.

## 6 Umsóknir um lóð

Þeir aðilar sem óska eftir að starfrækja fyrirtæki sín innan garðsins þurfa að skila inn rafrænum umsóknum í gegnum Þjónustugátt Akraneskaupstaðar. Aðilar þurfa að auðkenna sig í gáttinni með rafrænum skilríkjum eða Íslykli til að komast þar inn. Fylgigögn sem skila þarf með umsókn eru framkvæmdaáætlun, ársreikningi og staðfestingu á skuldleysi við innheimtumann ríkissjóðs. Í sömu umsókn er hægt að sækja um allt að tveggja ára greiðslufrest gatnagerðagjalda.

Þegar umsækjandi hefur sent inn umsókn fer starfsmaður Akraneskaupstaðar yfir umsóknina og innsend fylgiskjöl. Ef vantar frekari upplýsingar er þeirra aflað hjá umsækjanda með símtali, í gegnum tölvupóstsamskipti eða á fundi sem aðilar úr matsnefnd eiga með umsækjanda.

## 7 Úthlutun lóða

Starfsemi á svæðinu verður skipulögð með hringrásarhagkerfi að leiðarljósi. Úthlutun lóða verða hvorki þannig að „fyrstu kemur fyrstur fær“, né heldur að sótt verði um tilgreindar lóðir. Umsækjendur þurfa að tilgreina upplýsingar um stærð lóðar sem óskað er eftir, hverskonar starfsemi sé fyrirhuguð og notkun á hráefnastraumum. Við úthlutun lóða er umsækjanda úthlutað lóð þar sem viðkomandi starfsemi á best heima innan svæðisins og m.t.t. mögulegrar samnýtingar í starfsemi þeirra og fyrirtækja á lóðum í næsta nágrenni.

Iðngarðinum verður skipt upp í tvö svæði. Svæði A er ráðgert fyrir fyrirtæki sem starfa við hvers konar matvælaræktun, matvælaframleiðslu, ylrækt, lyfjaframleiðslu, bætiefnaframleiðslu, líftækni og aðra starfsemi sem byggist upp á nýtingu náttúruauðlinda. Svæði B er hugsað fyrir léttan iðnað og þjónustu. Áhersla skuli lögð á verðmætasköpun og fullvinnslu afurða í stað hrávöruframleiðslu.

Ekki er gert ráð fyrir stóriðju, starfsemi í mengandi starfsemi á svæðinu. Leitað er að fyrirtækjum sem skapa atvinnu (fjölbreytt hæfni). Akraneskaupstaður sækist eftir að fá fyrirtæki sem eru tilbúin í framangreinda vegferð með og vill leggja sitt af mörkum til umbóta í loftslagsmálum.

Við mat á umsóknum um lóð er m.a. lagt mat á hversu vel starfsemi fyrirtækis samræmist markmiðum iðngarðsins, á eðli og umfang hráefnisstrauma í fyrirhugaðri starfsemi fyrirtækisins, og hvernig hún samræmist þeirri starfsemi sem fyrir er.

Matsnefnd Grænna iðngarða metur umsókn um lóð út frá hugmyndafræði garðsins og kemur með tillögu að afgreiðslu. Bæjarráð tekur ákvörðun um úthlutun.